

Nd.

619. Nefndarálit

[266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt þetta frv. ítarlega á þrem fundum. Hún hefur ekki orðið sammála um afstöðu til málsins. Við undirritaðir viðurkennum nauðsyn þess að afla tekna til þess að efla landhelgisgæsluna, fiskleit og hafrannsóknir og erum reiðubúnir til þess að styðja 1 000 millj. kr. tekjuöflun í þessu skyni. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir miklu meiri tekjuöflun, 1 800 millj. kr. til ríkissjóðs og 620 millj. kr. til Vegasjóðs, eða samtals rúmlega 2 400 millj. kr. álögom. Ekkert ákvæði er þó í frv. um nokkurn sparnað í útgjöldum ríkissjóðs.

Það er viðurkennt í grg. frv., að samþykkt þess mundi hafa í för með sér 10–11% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Í 8. gr. þess voru enn fremur ákvæði um, að 5 vísitölustig af þessum 10–11 stigum skyldu ekki hafa áhrif á kaupgjald, en þau voru talin svara til þeirra 1 000 millj. kr., sem verja á til landhelgisgæslu, fiskileitar og hafrannsóknna. Launþegum var m. ö. o. ætlað að bera 1 000 millj. kr. hækkun á verðlagi bótaust, og hefði þannig með löggjöf verið riftað nýgerðum kjarasamningum launþega og vinnuveitanda. Frumvarpið var því harkaleg árás á hagsmuni launþega og samningsrétt samtaka þeirra, sem þau hljóta að telja höfuðhlutverk sitt að standa styrkan vörð um. Og slíkt átti að gerast í beinu framhaldi af því að verðlag hefur hækkað um 7.3% á tímabilinu 1. febrúar til 1. apríl, en aðeins 1.3% af þeirri verðhækkun má rekja til þeirrar 8–9% kauphækkunar, sem samið var um í febrúar, en 6% voru afleiðing ákvarðana stjórnvalda. Auk þess hefur það komið fram í ummælum ráðherra, að með ráðstöfunum þessa frv., þótt samþykkt yrði, væri efnahagsvandi þjóðarinnar engan veginn leystur.

Nú hefur orðið samkomulag um, að ákvæði 8. gr. um, að 5 stiga hækkun vísitölnunnar skuli ekki hafa áhrif á kaupgjald, verði felld úr frv., og flytur fjárhags- og viðskiptanefnd í heild brtt. um það efni. Ber að fagna því, að slíkt samkomulag hefur náðst.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur gert ítarlega ályktun um þetta frv., og er hún prentuð með þessu nál. sem fskj. Í þessari ályktun telur miðstjórnin sig geta fallist á, að 1 000 millj. kr., sem varið yrði til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsóknna, verði aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds, sem þá þyrfti að nema 13%. Þessi tala var byggð á bráðabirgðaathugun á málinu. Nánari rannsókn hefur hins vegar leitt í ljós, að 14% hækkun vörugjaldsins er nauðsynleg til þess að tekjur af því nái 1 000 millj. kr. á árinu. Við undirritaðir, minni hluti n., flytjum, ásamt formanni þingflokks Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, Karvel Pálmasynti, sem fylgst hefur með störfum nefndarinnar, á sérstöku þingskjali breytingartillögu um þetta atriði, og falla því sjónarmið okkar og miðstjórnar ASÍ saman. Við í minni hlutanum getum einnig fallist á, að haldið verði áfram innheimtu skyldusparnaðar, en það mundi bæta hag ríkissjóðs og draga úr fjárförf hans.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að mjög skortir á, að skattar séu greiddir af öllum tekjum af atvinnurekstri, auk þess sem gildandi reglur um fyrningu eru mjög óeðlilegar og ranglátar.

Þingmenn Alþýðubandalagsins flytja tillögu á sérstöku þingskjali um álagningu 6% skatts á hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá, og er áætlað, að þessi skattur nemi um 1 000 milljónum kr. Tillaga þessi kemur ekki til atkvæða, ef samkomulagsleið ASÍ, sem áður er nefnd, verður samþykkt, og verður hún því við atkvæðagreiðslu tekin aftur til 3 umræðu. eða jafnhárrí upphæð og þörf er á til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsóknna.

Við teljum ríkissjóði skylt að draga úr útgjöldum sínum til þess að mæta þeim auknu útgjöldum, sem hún telur óhjákvæmileg og eru umfram þann tekjuauka, sem lýst hefur verið, að við erum reiðubúnir til þess að samþykkja. Við teljum hér ekki vera um hærri fjárhæð að ræða en svo, að vandalaust væri að mæta henni með sparnaði hjá ríkissjóði, enda hvort eð er nauðsynlegt af almennum efnahagsástandum, að ríkissjóður gæti hófs í útgjöldum sínum.

Alþingi, 4. maí 1976.

Gylfi P. Gislason, Sig. Blöndal.
frsm.

Fylgiskjal.

MIÐSTJÓRN ASI

Ályktun um ríkisfjármál o. fl.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur á fundi sínum 3. maí tekið til atvagnar frumvarp til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, og vill af því tilefni taka fram eftirfarandi:

Miðstjórnin viðurkennir þörf á auknum fjárráðum landhelgisgæslunnar, og þar sem hún hefur ekki aðstöðu til neins nákvæms mats á því hve sú fjárþörf er mikil, gerir hún ekki ágreining um þá áætlun, sem frv. byggir á, en vill mega treysta því að hugsanlegu auknu fé til eflingar landhelgis- og fiskverndar verði varið með skynsamlegum hætti. Bent skal þó á, að í greinargerð frv. er ekki að finna neinar skýringar á því, hvornig fénu skuli varið.

Að því leyti, sem unnt er að einangra athugasemdir við frumvarpið við allt að 1 000 millj. kr. tekjuöflun í framangreindum tilgangi, getur miðstjórnin eftir atvikum fallist á að farin sé sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. a. s. að fjárens sé aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds. En miðstjórnin leggur þá jafnframt þunga áherslu á að hækkun vörugjaldsins verði algerlega takmörkuð við fjárþörf landhelgisgæslunnar og þó enn frekar að slík takmörkuð hækkun vörugjaldsins við 1 000 millj. kr. eða um 13% til næstu áramóta verði ekki á neinn hátt tengd riftun gildandi kjarasamningsákvæða um „rauðu“ strikin. Telur miðstjórnin, að þau ákvæði frv., sem að þessu líta, sbr. 8. gr. frv., séu ósvífin aðför að gerðum og gildum samningum aðila vinnumarkaðarins frá 27. febr. sl., og mótmælir þessum ákvæðum sem hreinni ósvinnu, sem í raun afmái forsendur kjarasamninganna. Í þessu sambandi minnir miðstjórnin á brögð ríkisstjórnarinnar á yfirlýsingum sínum, þegar vörugjaldið var fyrst lagt á á sl. ári, svo og á slæma reynslu af meðferð stjórnvalda á viðlagagjaldinu vegna náttúruhamfaranna á Heimaey, en það gjald var aldrei afnumið, þrátt fyrir skýlaus loforð, heldur fellt inn í almennt skattheimtukerfi ríkisins.

Að öðru leyti vill miðstjórnin taka þetta fram varðandi önnur tekjuöflunar-ákvæði frumvarpsins:

1. Að hún telur algerlega óeðlilegt að nýgerð vegáætlun sé nú rifin upp og eyðslufé hennar aukið um hvorki meira né minna en 620 millj. kr. Telur miðstjórnin að þessari upphæð beri að mæta með sparnaði.
2. Miðstjórnin mótmælir harðlega hækkun bensíns um 170 millj. kr., sbr. lið 1 hér að framan, og telur hana ekki nauðsynlega.
3. Miðstjórnin getur fallist á takmörkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara, enda verði þá fulltryggt með lagaákvæði að takmörkun þessi verði ekki notuð til að íþyngja í útsvörum þeim sem það lágur tekjur hafa að þeir beri lítinn eða engan tekjuskatt.

Sömuleiðis telur miðstjórn eðlilegt að hækkun leyfisgjalds af jeppabifreiðum verði samræmd því gjaldi sem gildir um aðrar bifreiðar.

4. Miðstjórnin getur fallist á að ákvæði skattalaga frá s.l. ári um skyldusparnað verði framlengd til loka þessa árs.

Ef farið væri að framangreindum ábendingum verður ljóst að tekjuþörf ríkissjóðs til að leysa þann vanda, sem unnt er að rökstyðja með viðunandi hætti, nemur ekki 2 245 millj. kr., eins og áætlað er í grg. frv., heldur 1 045 millj. kr. að frá-dregnum þeim greiðsluafgangi sem frv. gerir ráð fyrir, og stendur þá eftir því sem næst 1 000 millj. kr. tekjuöflun til landhelgisgæslunnar, sem miðstjórnin vill með tilgreindum skilyrðum fallast á.

Miðstjórnin væntir þess fastlega, að ríkisstjórnin og Alþingi geti fallist á framangreindar óskir Alþýðusambands Íslands um breytingar á frumvarpinu og e. t. v. aðrar, sem miðstjórnin óskar eftir að ræða frekar um undir meðferð málsins. Hún lítur einnig svo á, að sú skriða verðhækkana og þar með kjaraskerðingar, sem dunið hefur yfir almenning að undanfögnu, sé þegar orðin svo geigvænleg að óverjandi sé með öllu að taka nú enn til við að klípa að óþörfu af launum almennings, og þá ekki síður þeirra, sem við allra bágust kjör búa.

Loks verður ekki komist hjá að fordæma þá aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, að álagningarprósenta verslunarinnar haldist óbreytt þrátt fyrir stórhækkaðan gjaldstofn vegna hækkunar vörugjaldsins, en gengi frv. fram óbreytt mundi það færa kaupsýslustéttinni 400—500 millj. kr. nýjar tekjur á sama tíma og enn er hert kjarskerðing almennings.

Skorar miðstjórnin því á hið háa Alþingi að breyta frv. í framangreinda átt. Enn þykir rétt að benda á að hækkun vörugjalds eins og frv. gerir ráð fyrir er í raun dulbúin lækkun gengis og verði því ekki í meginatriðum fallist á tilmæli Alþýðusambandsins mun það að sjálfsögðu og þá einnig með hliðsjón af sífelldu „gengissigi“ taka til athugunar að beita ákvæðum samninganna um heimild þeirra til uppsagnar ef veruleg breyting verður til lækkunar á gjaldmiðlinum. Miðstjórn ASÍ telur að hvorki sé unnt fyrir stjórnvöld siðferðislega né lagalega að skjóta sér hér á bak við neina orðaleiki.